

**Ed.**

### **37. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á heyafla bænda á óþurrkasvæðunum.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta þegar í stað safna skýrslum um heyöflun bænda á síðasta sumri, einkum á þeim svæðum vestan, austan og norðan lands, þar sem óþurrkarnir hafa gert mest tjón, og leggja skýrslur þessar fyrir deildina hið bráðasta.

#### **Á s t æ ð u r .**

Það er vitað, að í sumum sveitum landsins hefir þurrheysafli orðið því nær enginn. Sem dæmi má nefna, að í nyrzta hluta Norður-Ísafjarðarsýslu höfðu 12 búendur fengið um eða innan við 100 hestburði allir til samans af þurrhevi nú fyrir skemmstu, og víðar mun ástandið litið hetra.

Það væri berandi tjón fyrir bændur þá, sem svona eða líkt væri ástatt um, ef von eða vissa væri um, að þeir gætu selt fénað þann, sem þeir verða að lóga vegna fódurskortsins, en þess er engin von. Fyrst er það, að í flestum sveitum norðvestur-, norður- og austurlands verða bændur almennt að lóga meira af fénaði sínum en áður, en auk þess er það sjáanlegt, að innlendi markaðurinn þrengist að mun frá því, sem verið hefir undanfarin ár, vegna ráðstafana hins opinbera, en ekki er vitanlegt, að erlendi markaðurinn aukist, heldur miklu fremur þrengist, frá því sem verið hefir. Það er því lífsnauðsyn bænda að geta haldið bústofni sínum, og í því skyni er þessi tillaga borin fram.

Þegar skýrslur eru fengnar, er fyrst hægt að gera sér grein fyrir, hvers með þarf, bæði að magni og fódurtegundum, en óskandi væri, að ríkisstjórnin aflaði nú þegar upplýsinga um verð á erlendu hevi og hvaðan tiltækilegast mundi að kaupa það, ef álitid yrði nauðsynlegt eða hagkvæmt að fá það frá öðrum löndum.